

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Þingvallahrepp.

1. gr.

Hreppsnefnd Þingvallahrepps er heimilt að innheimta árlegt sorphirðugjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Á sveitabæi	kr.	3.000
Á sumarbústaði	kr.	2.000
Á fyrirtæki	kr.	20.000

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Þingvallahrepps staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisstjórnuneytinu, 21. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um skrá Eskifjarðarkaupstaðar um þá starfsmenn kaupstaðarins sem ekki hafa heimild til verkfalls samkvæmt 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skráin er svohljóðandi:

1. Skrifstofustjóri.
2. Launafulltrúi.
3. Hafnarstjóri.
4. Byggingarfulltrúi/bæjartækniþæningur.
5. Bæjarverkstjóri sem jafnframt er vatnsveitustjóri.
6. Eftirtalin störf Dvalarheimilisins Hulduhlíðar:

Sjúkraliði	0,8 stöðugildi	Matráðskona	1,0 stöðugildi
Sjúkraliði	0,8 stöðugildi	Starfsstúlka	0,8 stöðugildi

Eskifirði, 29. janúar 1997.

Arngrímur Blöndal bæjarstjóri.